



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

7. árgangur 10. tbl.

Nóvember 2010

Menningarkvöld

Dag: 18/11/2010

**Upplstur
söngur og
fleira!**

Kl: 20:00



**Njótum góðrar
stundar.
Allir velkomnir!**

Fimmtudaginn
18. nóvember verður
haldið menningarkvöld í
bókasafninu
Brautarholti.

Upplstur - söngur
Ari Trausti
Guðmundsson fjallar
um Eyjafjallajökul og
kvikmynd sem hann er
að gera um Þjórsárdal.

Sigurður Fannar
Guðmundsson les upp
úr bók sinni, Trúður.

Þóra Gylfadóttir, söngkona
og Jón Bjarnason,
organisti, flytja nokkur lög.

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps



Grænfáninn

Þann 4. nóvember var hátíðleg athöfn í skólanum þar sem Þjórsárskóli fékk Grænfánann í fjórða sinn. Skólakórinn söng tvö lög í upphafi. Þá töluðu skólastjóri, formaður umhverfisnefndar hreppsins og fulltrúi Landverndar. Að því loknu var farið út og nýjum fána flaggað. Á Grænfánanum er mynd af opinni bók þar sem fyrri síðan er blá og sú seinni er hvít. Tákn bókarinnar er þannig hugsað bláa síðan er fortíðin og búið er að fylla hana en framtíðin liggur í auðu, hvítu síðunni. Starfið í anda Grænfána hugmyndafræðinnar er mjög virkt í skólanum. Umhverfisnefndin vinnur á vikulegum fundum við að skipuleggja starf skólans með verkefnastjóranum Bolette.

Grænfáni dreginn að húni.



Útikennsla, þjórsárdalur og víkingar

Nóvember byrjaði með útikennslu í skóginum og kennsluferð um Þjórsárdal. Einn dagur var helgaður íslensku í skóginum. Þá unnu nemendur verkefni í skóginum sem tengdust hlustun, orðflokum, stafrófi, réttitun, munnlegum lýsingum og vinnu með orð og setningar. Skipt var eftir aldri í verkefnavinnunni. Elstu nemendur leikskólans voru með í för og tóku þátt í vinnu yngri nemenda. Annar dagur var samfélagsfræði. Þá var farið í Þjóðveldisbæinn þar sem nemendur fengu kynningu frá umsjónarmanni. Síðan var farið í kaffið í Búrfell. Að því loknu var haldið að Stöng þar sem nemendur fengu fræðslu frá kennurum um staðinn og búhætti áður fyrr. Þá var haldið að Gaukshöfða þar sem Eyþór Brynjólfsson tók á móti hópnum og sagði söguna af Gauki á Stöng. Nokkrir ungir nemendur lýstu því þannig að Gaukur hefði sýnt þeim hvar hann átti heima. Ferðin var hluti af víkingaþema hjá yngstu nemendunum því þarna kynntust þau húsakosti til forna og sögu af svæðinu.



Nemendur í fjósinu á Stöng.




Bóndabær nemenda í 1.-2. bekk.

Þemavinna þeirra var meðal annars fólgin í að vinna með torfbæ, langskip, Stöng áður fyrr, goðafræði, skinnskó og víkingabrauð. Umhverfi skólans er auðugt af kennsluefni og er óþrjótandi brunnur í verkefnum skólans. Með kveðju. Ingibjörg María skólastjóri.



Afar og ömmur voru
boðin í kaffi 26. okt.



LÆ KH • LT

Það er gaman
hjá okkur í
Leikholti en
saumavélin
okkar er ónýtt
– er einhver
sveitungi sem
vill selja
okkur góða
og gagnlega
saumavél á
góðu verði?

Með bestu
kveðju.

Börn og
starfsfólk
Leikhólts.



KOSNINGAR 27. nóvember 2010

Kjörfundur vegna kosninga til stjórnlagabings
fer fram laugardaginn 27. nóvember 2010.

Kosið verður í Félagsheimilinu Árnesi og hefst
kosning kl. 11:00 og lýkur kl. 20:00.

Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Kjörskrá mun liggja frammi á
skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps á
opnunartíma skrifstofunnar.

Handavinnukvöld í bókasafninu!

Minnum á handavinnukvöldin á fimmtudagskvöldum
í bókasafninu Brautarholti kl. 20:30.

Allir velkomnir.

Fyrir hönd Kvenfélags Skeiðahrepps.
Helga Guðlaugs og Jóhanna Lilja



Kvenfélagsbasarinn í Brautarholti!

27. nóvember. kl. 14:00.

Kvenfélagskonur Skeiðahrepps verða með handverksbás, matarbás og tombólu.

Hver kona á að skila að lágmarki 4 hlutum fyrir félagið, handverki og/eða
kökum, sultum eða þess háttar. Einnig má skila inn frjálssu framlagi fyrir
tombóluna. Að auki verða básar fyrir þá sem hafa áhuga.

Skila þarf inn hlutum á milli kl.17-19 á föstudeginum.

Lára 847 5353 eða Þóra 893 7977.

Framkvæmdanefnd kvenfélags Skeiðahrepps.

Kvenfélagsbasarinn.



Næsta fréttabréf kemur út miðvikudaginn 15. desember.

Skilafrestur efnis til 10. desember.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir, frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin

mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) Veffang: www.skeidgnup.is

Flúða Taxi



Sími 893 1462

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3

sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga

kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Vetraropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiðalaug s: 486 5500 - Neslaug s: 486 6117

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	lokað	17 – 21
Þriðjudaga:	17 – 21	lokað
Miðvikudaga:	lokað	17 – 21
Fimmtudaga:	17 – 21	lokað
Föstudaga:	lokað	lokað
Laugardaga:	13 – 17	13 – 17
Sunnudaga:	lokað	lokað

Allir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fá frítt í sund!

Sundglæraugu og fleiri vörur tengdar sundi eru seldar í sundlaugunum. - Höfum það gott í sundi.

Sundlaugarverðir!



Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði
dömur og herra frá **GUINOT**
og förðunarvörur frá **NO NAME**
Tímamantanir í síma 566-8342
og 856-1599

Kveðja frá níunda bekk Flúðaskóla

Svo sem verið hefur undanfarin ár þá stefnir núverandi níundi bekkur að ferð til Danmerkur næsta haust. Þess vegna er farin af stað fjáröflun þar sem hugmyndaflugið er mikið. Enda veitir ekki af, því þetta er stór bekkur og ekkert enn fast í hendi með styrki.

Á uppskerudeginum í haust var bekkurinn með sölubás og seldi margvíslegar afurðir, bæði það sem þau höfðu sjálf útbúið og líka fjölmargt annað svo sem grænmeti, rósir, silung og bindi svo eitthvað sé nefnt. Þetta allt fékkst ýmist gefins eða á góðum kjörum, viljum við þakka fyrir það. Þannig að eftir þennan dag var rífleg upphæð þá þegar lögð inn á bók.

Dósasöfnun

Mikilvægasta fjáröflunin undanfarin ár hefur verið söfnun á flöskum, dósum og gleri. Þegar hefir verið farin ein ferð og viljum við, bæði foreldrar og nemendur þakka fyrir góðar móttökur. Um leið viljum við láta vita að við stefnum að því að fara aftur af stað **strax eftir áramót**. Þannig að ef þið viljið leyfa okkur að njóta góðs af umbúðum af jóladrykkjunum þá megið þið treysta því að við komum.

Bolir til sölu

Annað fjáröflunarstarf sem þegar er farið af stað í hönnun og framleiðslu eru ermalangir bolir með skreytingum unnum af nemendum í Flúðaskóla. Þeir verða fáanlegir í barna, unglinga og fullorðinsstærðum.

Einnig verða til sölu svuntur með piparkökuuppskrift Flúðaskóla framan á. Þetta eru tilvaldar jólagjafir.

Kominn er linkur á Facebook þar sem hægt verður að fylgjast með.

Slóðin er <http://www.facebook.com/#!/pages/9-bekkur-Fludaskola/140577889324775>

Flott hönnun! Verslum í heimabyggð og styðjum gott málefni.
Með kveðju frá foreldrum og nemendum 9. bekkjar Flúðaskóla.

07. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 02. nóvember 2010 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnasonar og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana Heyden Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Fimm fulltrúar frá Stóra-Núpskirkju mættu á fundinn að þeirra ósk.
Erindið verður tekið til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.
2. Fundargerð skólanefndar 3. fundur haldinn 07.10.10. - Fundargerð samþykkt.
3. Fundargerðir fræðslunefndar Flúðaskóla 6. fundur haldinn 29.09.10 og 7. fundur haldinn 27.10.10. - Fundargerð staðfest.
4. Fundargerð fræðslu og æskulýðsnefndar Flúðaskóla vegna félagsmiðstöðvar haldinn 05.10.10. - Lögð fram.
5. Fundargerð umhverfisnefndar frá 18.10.10. - Fundargerð samþykkt. Stefnt að því að stýra aðgangi að gámasvæðunum.
6. Fundargerð menningar, æskulýðs, velferðar- og jafnréttisnefndar frá 13.10.10. Fundargerð samþykkt.
7. Fundargerð atvinnu, fjarskipta- og samgöngunefndar haldinn 26.10.10.2010. Fundargerð samþykkt.
8. Fundargerð félagsmálanefndar 129. fundur haldinn 08.10.10. Fundargerð staðfest.
9. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 28. fundur haldinn 21.10.10, jafnframt lögð fram afgreiðslufundargerð byggingarfulltrúa 53. fundur haldinn 06.10.10. - Fundargerð staðfest.
10. Fundargerð aðalfundar skipulags-og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnes-sýslu og Flóahrepps haldinn 19.10.10. - Fundargerð lögð fram og staðfest ásamt reikningum og breytingum á samþykktum.
11. Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 124. fundur haldinn 04.10.10. Fundargerð lögð fram.
12. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 295. fundur haldinn 05.10.10. - Fundargerð lögð fram.
13. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 129. fundur haldinn 01.10.10. Fundargerð lögð fram.
14. Fundargerðir stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 193. fundur haldinn 13.09.10. 194. fundur haldinn 07.10.10. og 195. fundur haldinn 19.10.10. Fundargerðir lagðar fram.
15. Tillaga að erindisbréfi fyrir menningar, æskulýðs, velferðar-og jafnréttisnefnd. Erindisbréfi vísað til umsagnar nefndar.

16. Tillaga að erindisbréfi fyrir atvinnu, fjarskipta- og samgöngunefndar.
Erindisbréfi vísað til umsagnar nefndar.
17. Bréf frá Sigmundi Magnússyni og Guðlaugu Sigurgeirsdóttur vegna lóðar 6 á Flötum. - Lagt fram og málið er í því ferli sem bréfriturum er kunnugt um.
18. Tilmæli frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna reglna um ráðningar starfsmanna sveitarfélaga. - Lagt fram.
19. Ályktun stjórnar SASS vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á framlögum til heilbrigðisstofnana á Suðurlandi. - Sveitarstjórn tekur undir bókun SASS.
20. Upplýsingar um ágóðahlutagreiðsla EBI 2010. - Lagt fram.
21. Staðfesting Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis á breytingum á samþykktum um stjórn og fundarsköp Skeiða- og Gnúpverjahrepps. - Lagt fram.
22. Svarbréf frá Umhverfissráðuneyti við kröfu sveitarfélagsins um endurupptöku á afgreiðslu ráðuneytisins frá 29. janúar 2010 vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins varðandi virkjanir í Þjórsá. - Lagt fram.
23. Erindi frá Umhverfisstofnun vegna refaveiða á uppgjörstímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.
Sveitarstjórn telur óeðlilegt að öllum kostnaði vegna refaveiða skuli velt yfir á sveitarfélögin og bendir á að kostnaðarhlutur fámennra sveitarfélaga á landsbyggðinni getur orðið umtalsverður.
24. Erindi frá Hrunamannahreppi vegna bókunar á fundi hreppsnefndar sveitarfélagsins frá 7. október og varðar félagsmiðstöðina Zero og íþrótt- og æskulýðsmál. - Sveitarstjórn tekur jákvætt í bókunina og oddvita falið að skoða málið.
25. Erindi frá HSK með ósk um bókarkaup vegna 100 ára afmæli Héraðssambandsins Skarphéðins. - Samþykkt að kaupa tvær bækur af sögu HSK.
26. Áskorun frá velferðarvaktinni um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni. - Lagt fram.
27. Umsókn um byggingarleyfi vegna skála í Kisubotnum, málið var kynnt á síðasta fundi og málgögn hafa auk þess verið send sveitarstjórnarfólki í tölvupósti. Þar sem ekki er leyfi fyrir húsinu þar sem það er staðsett er eiganda gert að fjarlægja húsið fyrir 1. janúar 2011 að öðrum kosti verður það fjarlægt á kostnað eiganda.
28. Farið yfir mál er varðar snjómokstur.
29. Farið yfir mál er varða sölu á prestssetrinu Tröð.
30. Framtíðar skipulag á veitingarrekstri í Árnesi.
31. Erindi frá Kjartani H. Ágústssyni um kynjahlutfall í nefndum hreppsins.
Sveitarstjórn telur skipanina ekki ólöglega þrátt fyrir 15. gr. jafnréttislaga þar sem fulltrúar eru kosnir en ekki skipaðir.

Mál til kynningar.

- A. Áætluð úthlutun aukaframlaga Jöfnunarsjóðs 2010.
- B. Fundargerð aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 2010.
- C. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2010.
- D. 168. fundur Héraðsráðs Árnessýslu.
- E. Fundargerðir stjórnar Sambands sveitarfélaga fundir nr. 777, 778, 779.
- F. Trúnaðarmál.
- G. Starfsskýrsla Zero ágúst - september, einnig rekstraráætlun Zero fyrir 2011.
- H. Ályktun Hjúkrunar- og ljósmæðraráðs Heilbrigðisstofnunar Suðurlands vegna niðurskurðar á fjárveitingum til stofnunarinnar í frumvarpi til fjárlaga 2011.
- I. Fundargerðir búfjárefeftirlitsnefndar Árnessýslu og Vestmannaeyjarbæjar 30. og 31. fundir.

Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn 16. nóvember kl. 13:00.

Fleira ekki, fundi slitið kl.17:15

Krakkar!

Munið frjálsíþróttæfingarnar í Brautarholti á mánudögum!

5.-7. bekkur kl. 15-16 og 8.-10. bekkur kl. 16-17

Rúnar þjálfari verður í fríi fram að jólum

en við fáum aðra til þess að þjálfar í hans stað.

Kostnaður er kr. 3.000 fram að áramótum.

UMFG og UMFS



Fótboltaæfingar öll þriðjudagskvöld kl. 20:00 á sparkvellinginum í Árnesi.

Fyrir oldboys & girls ☺ ☺

Æfingarnar eru á vegum

UMFG og UMFS



Aðventutónleikar í Skálholtskirkju!

Sameiginlegir aðventutónleikar
kirkjukóra uppsveitanna ásamt
barnakórum verða í
Skálholtskirkju laugardaginn
11. des. kl. 16.00.



Fyrir hönd kóra Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju vil ég þakka Lilju á Sléttabóli innilega fyrir góða áskorun og falleg og uppörvandi skrif í síðasta Fréttabréfi. Við höfum ákveðið að taka áskoruninni og nú eru æfingar hafnar fyrir aðventu-
kvöld í Árnesi þann 28. nóv. n.k. þar sem kórinn ætlar að syngja nokkur falleg jólalög og svo er æft einnig af krafti fyrir tónleikana í Skálholti.

Og hver veit nema að ekki sé svo ýkja langt í upptökur á einhverju hjá okkur hér í kórnum! En í Skálholtskirkju 11. desember verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Ég hvet alla að fara þangað og njóta fallegrar jólatónlistar á aðventunni. Með kærri kveðju.

Þorbjörg Jóhannsdóttir, Stóra- Núpi.



Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Ágætu lesendur þetta er í fyrsta sinn sem ég sendi pistil í þetta ágæta rit. Ég hef, reyndar með mikilli óreglu, sent eitthvað smávegis í Pésa Hrunamanna. En með breyttu þjónustufyrirkomulagi kirkjunnar á svæðinu þá finnst mér við hæfi að minna lítillga á mig á nýjum vettvangi og geta þess um leið sem kirkjan hefur fram að færa. Margs konar áföll hafa dunið á kirkjunni sem stofnun undanfarna mánuði, auk þess sem þau öfl verða æ háværarí sem vilja þoka kristinni trú sem allra mest til hliðar í samfélaginu. Þetta kallar á það að fólk geri með meðvitaðri hætti en áður upp við sig hvar það telur sig eiga heima á þessu sviði og standi síðan með þeirri niðurstöðu sem slík sjálfsskoðun leiðir til. Kirkjan er í eðli sínu grasrótarsamtök, sprottin af sameiginlegri játningu um kærleiksríkan Guð. Um leið og slík játning hefur áhrif á persónulegt líf þá hefur hún óhjákvæmilega mótandi áhrif á gildi og viðmið samfélagsins.

Netföng

Mig langar til að safna saman netföngum þeirra sem vildu fá í tölvupósti fregnir af því sem efst er á baugi í kirkjustarfinu. Minna til dæmis á messur, tónleika og samkomur á vegum sóknanna. Auk þess sé ég fyrir mér að geta kynnt á slíkum lista tilboð um námskeið og geta þannig séð áður en lagt er í kostnað hvort grundvöllur er fyrir viðkomandi námskeiði. Þau sem vildu setja netfang sitt inn á slíkan lista eru beðin að senda mér línu á netfang mitt sem er

srerik@ismennt.is

Barnastarf

Nú hef ég ákveðið að gera tilraun með kirkjuskóla fyrir allar fjórar sóknirnar í Hrepphólakirkju á laugardagsmorgnum kl. 11:00 þar er safnaðarheimili sem gefur möguleika á fjölbreyttari stundum og síðan er hún einna mest miðsvæðis.

Ég vona að þetta geti gengið og það var einstaklega ánægjuleg stund sem við áttum á fjölskyldumessu síðastliðinn sunnudag þar sem rúmlega 80 manns voru saman komin og barnakór úr Flúðaskóla undir stjórn Helgu Kolbeinsdóttur leiddi sönginn með glæsibrag.

Helgihaldið framundan:

13. nóvember, laugardagur, kirkjuskóli í Hrepphólum kl.11

14. nóvember, Ólafsvallakirkja messa kl.11:00

14. nóvember, Hrunakirkja messa kl.14:00

20. nóvember, laugardagur, kirkjuskóli í Hrepphólum kl.11:00

21. nóvember, messa í Hrepphólakirkju kl.11:00

21. nóvember, messa í Stóra- Núpskirkju kl. 14:00

27. nóvember, laugardagur, kirkjuskóli í Hrepphólum kl.11:00

28. nóvember, 1. sunnudagur í aðventu,

Aðventuhátíðir á Flúðum og í Árnesi.

Með ósk um Guðs blessun

Sr. Eiríkur Jóhannsson.



Kort af afréttum sveitarfélaga!

Endurútféið hefur verið kort að afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna. Það er til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar 500,- Oddviti.

Söngkeppni Samfés var haldin í Árnosi föstudaginn 5. nóvember.

Nú atriði kepptu um þann heiður að taka þátt í Söngkeppni Samfés fyrir okkar hönd. Unglingarnir sáu um allan undirbúning og skipulag sjálf og voru starfsmenn þeim aðeins til stuðnings og ráðgjafar.

Guðrún Arnardóttir stýrði keppninni og Guðjón Örn sá um hljóð- og ljósamál. Gylfi, Eyþór og Hannes höfðu á sinni könnu að sviðsmunir og hljóðnemar væru á réttum stað á réttum tíma. Hrafnhildur, Lilja, Sandra Dögg, Marianna, Guðrún, Hafdís og Áslaug settu upp skreytingar og stóluðu salinn undir leiðsögn Karenar. Hildur Guðbjörg og Sólveig úr Zeroráðinu voru kynnar. En fleiri komu að undirbúningnum á síðustu vikum og auðvitað höfðu keppendur æft að kappi. Við viljum þakka dómurunum, þeim Árna Þór, Árna Hjaltasyni og Arnari Kára fyrir sem og Ara húsverði sem aðstoði okkur með allt á milli himins og jarðar. Gaman var að sjá hve mikið af foreldrum, systkinum, öfum og ömmum komu að fylgjast með og stemmingin meðal áhorfenda var frábær.

Áhorfendur fengu einmitt að kjósa það atriði sem þótti hafa skarað fram úr varðandi sviðsframkomu. Atriði Björgvins Viðars, Ara, Kjartans og Geirs varð fyrir

valinu þar sem litríkir búningar og fallegur dans voru í fyrirrúmi og gerðu það að verkum að þeir hrepptu þessi verðlaun. Við fáum mynd af þeim seinna vonandi.

En hér t.v. eru þær Hildur Guðbjörg og Sólveig kynnar ásamt Guðrúnu keppnisstjóra að kynna úrslit kosningu um bestu sviðsframkomuna.



Gunnhildur, Andrea, Hugrún og
Hrafnhildur skemmtu sér vel.





Hér koma svo úrslitin í söngkeppninni í Árnasi. 2010 (talið frá vinstri.)

1. sæti. Margrét, Karen og Kjartan - Hlið við hlið

2. sæti. Eyrún og Jón Hermann

3. sæti. Maríanna - Betri tíð og Rakel Steinunn - Mercedes Bens

Þau Karen, Kjartan og Margrét munu taka þátt í suðurlandsriðli söngkeppninnar 14. janúar sem haldin verður af félagsmiðstöðinni Tvistinum á Hvolsvelli.



Flott. Guðjón, Hildur Birna og Karen á ballinu.

Til vinstri eru

sigurvegarar í söngkeppni Zero 2010.

f.v. Margrét Hrund Arnarsdóttir, Kjartan Helgason og Karen Munda Jónsdóttir.

Til hamingju!

Með kveðju frá Félagsmiðstinni Zero
Hjalti Sigurðsson.



einstöð
BÖRN

Einstök börn eru félagasamtök fyrir börn og ungmenntu með alvarlega, sjaldgæfa sjúkdóma. Svo sjaldgæfa að jafnvel er ekkert annað barn á Íslandi með sama sjúkdóm. Oft á tíðum eru þetta lífs-
hættulegir sjúkdómar. Því miður hafa mörg börn í félaginu látist langt fyrir aldur fram, og lítið er gert til að rannsaka marga þessara sjúkdóma, þar sem það er ekki fjárhagslega „hagkvæmt“ vegna þess hve sjúklingar eru fáir í heiminum.
Myndin á jólakortum Einstakra barna hefur alltaf verið eftir listamenn úr félaginu eða velunnara þess. Listamaðurinn í ár er Hekla Salóme Magnúsdóttir, 10 ára, úr sveitinni okkar, hún er yngri systir listamanns okkar 2009 og ákaflega gaman fyrir félagið að fá að njóta slíkra hæfileika sem þær systur hafa.
Myndin í ár heitir „Sælla er að gefa en þiggja“ og er einstaklega falleg. Kortin eru í stærðinni 17*12 cm.

Kortin eru til sölu hjá Hörpu í Björnskoti, endilega komið eða hafið samband í síma 899-9653

Með því að kaupa jólakort af félaginu ertu að styrkja verðugt málefni. Auk þess að bæta lífsgæði þessara barna hjálpar þú okkur að vekja athygli á málstað þeirra og tilveru.



Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu—Brautarholti



Mánudaga kl. 16—18

Miðvikudaga kl. 16—18

Fimmtudaga kl. 20—22

Nú fara nýju bækurnar að koma og minni líka á
vefslóðina www.eggnir.is

Ef einhver er með bækur sem hann er búinn að lesa
þá endilega að skila þeim.

bokasafn@skeidgnup.is S: 486-5505

Með kærri kveðju

Þorbjörg.



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: **7:00 -9:00**

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl **12:00** frá Landflutningum og Kl **13:00** frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: **14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl **8:00-17:00** alla virka
daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 - Pálmar

892-2371 - Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja og Hrunamannahreppur

Fréttir af Félagi eldri borgara.

Eins og flestir íbúar í sveitarfélaginu vita hefur félag eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi afnot af húsi í Brautarholti, þar er lítill samkomusalur, eldhús og þar er einnig bókasafn hreppsins. Þetta húsnæði hentar okkur vel. Vetrarstarfið hefst í byrjun október, við komum saman hálfsmánaðarlega þ.e. annan hvern föstudag og næsti samverufundur er 19. nóvember. Á þessum samverufundum er ýmislegt gert sér til skemmtunar, svo sem upplestur, spilað á spil o.fl. og þá fáum við stundum til okkar gesti með fræðslu-og /eða skemmtiefni.

Við förum í tvær eins dags skemmtiferðir í sumar og förum í eina til tvær leikhúsferðir á vetri. Það er orðin hefð að við skiptumst á heimboðum við félag eldri borgara í Hrunamannahreppi í lok vetrarstarfsins. Síðast liðið vor buðum við Hrunamönnum heim, við sáum um skemmtiatriði en kvenfélag Skeiðahrepps var svo rausnarlegt að sjá um veislukaffi, okkur að kostnaðarlausu. Stjórn sveitarfélagsins hefur styrkt okkur fjárhagslega og látið okkur í té húsnæðið í Brautarholti endurgjaldslaust og erum við afar þakklát fyrir það.

Við höfum samstarf við eldri borgarafélög í Árnessýslu, en í sýslunni eru starfandi sjö slík félög. Formenn félaganna hittast einu sinni á ári og ræða þá hagsmunamál eldri borgara og skiptast á upplýsingum um félagsstarfið sín á milli og skipuleggja hinn svokallaða „Vorfund“ sem félögin standa að.

Félag okkar er í Landssambandi eldri borgara en í því eru 53 félög vítt og breitt um landið. Aðild að Landssambandinu eiga félög fólks, sem náð hefur 60 ára aldri. En þau félög vinna að almennum hagsmunamálum eldri borgara, svo og að tómstunda-, fræðslu og menningarmálum og starfa sjálfstætt hvert á sínu félagssvæði.

Markmið Landssambandsins er að byggja upp öflug samtök eftirlaunafólks, sem gæti réttar aldraðra og vinni að hagsmunamálum þeirra gagnvart stjórnvöldum.

Að lokum vil ég minna á að allir íbúar hreppsins sem eru orðnir 60 ára eða



eldri eru velkomnir í félagið okkar, það væri gott að fá nýja meðlimi til að styrkja og efla félagsstarfið.

Vilmundur Jónsson.

Samverufundur í
bókahúsinu á árinu 2008.


Á bak við eldavélina!

Ég þakka áskorunina Guðni.

Ég prófaði þessa uppskrift á bláu vaktinni um daginn og þeir kvörtuðu ekki. Tek áhættuna og set hana í blaðið.

Hvítlaukslæri

1 lambalæri salt og pipar
smá smjörlíki til að smyrja skúffuna með
ca eitt og hálft kg. kartöflur
ca 5 geirar hvítlaukur eða meira eftir smekk
1 búnt fersk steinselja
4 deserlítrar kjötkraftur, vatn með kjúklingakrafti.




Aðferðin.

Ofninn er hitaður í 210- 225 °C. Lærið núið með salti og pipar
Ofnskúffa smurð. Kartöflurnar skornar í skífur þið ráðið hvort þið skrælið þær
steinseljan og hvítlaukurinn sett í matvinnsluvél og maukað eða saxað smátt.
Kartöfluskífunar settar í ofnskúffu og hvítlauksblandan sett yfir og kryddað með salti
og pipar, hluta af kjötkraftinum hellt yfir.
Þá er lærið lagt ofan á kartöflurnar á hvolfi. Steikt í 20 mínútur, passið að kartöflurnar
brenni ekki. Síðan er hitinn lækkaður niður í 160-170 °C lærinu snúið við og steikt í
ca.1 klst. eða þar til lærið er mátulega steikt. Hellið kjötkraftinum yfir svo kartöflurnar
brenni ekki Látið kjötið jafna sig í ca 10 mín. áður en það er skorið.
Það má hafa bernaiesósú með. Best er að hafa soðið úr skúffunni út á kjötið.
Það þarf ekki mikið meðlæti með þessu. - Meðlæti að eigin vali.

Perudesert

1 perudós
1 poki makkarónukökur
1 pakki “After eight”
Sherry



Makkarónukökurnar settar í eldfast form, vættar með
perusafa og sherryi. Perunum raðað ofan á og síðan þakið með “After eight”
súkkulaðibitunum. Bakið í ofni við 200 gráður í 15 mínútur. Borið fram með
þeyttum rjóma.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Magnús Óskarsson að koma með eitthvað gott í næsta bréf.

Með Kveðju.

Guðbjörg Kolbeinsdóttir.




It's a BOY



☹️↗️◻️✂️♦️♏️◻️●♦️☾♌♍️⋈●♌⋈■



Blakæfingar!



Erum í Brautaholti!

Alltaf pláss!

Verðum þar fram að

jólum á þriðjudagskvöldum kl. 20:30.

Bara koma - góð stemmning.

Lilja Loft. 847-8162 og Svala Bjarna. 869-6692

Reglur varðandi þátttökukostnað sveitarfélagsins á kaupum námsmanna á strætókortum.

1. gr.

Námsmenn sem skráðir eru til náms í framhaldsskóla eða háskóla á höfuðborgarsvæðinu og eru með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eiga þess kost að fá styrk til kaupa á námsmannakorti allt að 15.500,- kr. sem veitir aðgang að almenningsvögnum Strætó bs. á gjaldsvæði 1. Framhaldsskólinn þarf að útskrifa nemendur til framhaldsnám á háskólastigi eða námið vera lánshæft hjá LÍN minnst 20 ECTS.

Námsmenn í símenntunarmiðstöðvum og framhalds- og listaskólum þar sem nemendur eru ekki lánshæfir hjá LÍN eiga ekki kost á námsmannakorti. Nemendur í fjarnámi eiga ekki kost á námsmannakorti. Nemendur í grunnskóla, sem taka námskeið eða námsgrein(ar) í framhaldsskóla, eiga ekki kost á námsmannakorti.

2.gr.

Verð á námsmannakorti sem gildir í strætó fyrir skólaárið 2010 – 2011 er 15.500,- . Styrkur til kaupa á námsmannakorti fyrir hvora önn fyrir sig er kr. 7.750,-

Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar fyrir kaupum á námsmannakortinu, og staðfesting skóla um nám umsækjanda. Reglurnar gilda fyrir skólaárið 2010-2011.

Samþykkt á 06. fundi sveitarstjórnar þann 05. október 2010

Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti.



Landgræðsluverðlaun 2010!

Landgræðsla ríkisins hefur um nokkurt árabíl veitt árlega landgræðsluverðlaun til fimm einstaklinga og/eða félaga og stofnana fyrir störf þeirra að landgræðslumálum.

Þetta árið hlaut **Þjósárskóli** verðlaun. Hafdís Gísladóttir, fyrir hönd umhverfisráðherra veitti verðlaunin þann 11. nóvember í Gunnarsholti.

Nemendur og starfsfólk Þjósárskóla hafa sett langtíma- og skammtíma-markmið með verkefnum sem unnið er að. Núna hefur skólinn ákveðið svæði á Skaftholtsfjalli sem verið er að græða upp.

Verðlaunin eru frábær viðurkenning fyrir skólann og störf hans og við getum svo sannarlega verið stolt af honum.

Til hamingju nemendur og starfsfólk!



Hugleiðing refaskyttu 2010.

Ef væri ég skytta
þá skyti ég gæs.
Ef myndi ég hitta
þá væri það næs.

Og væri ég skytta
þá skyti ég rjúpu.
ef ég myndi hitta
þá færi' hún í súpu.

Og væri ég skytta
þá skyti ég ref.
En þyrfti' ég að hitta?
meira en ég hef.

Ef ég myndi hitta
sem miða ég á.
Fjandi góð skytta
yrði ég þá.

Bergur Þór Björnsson
frá Skriðufelli

Sauðfjárþændur.

Sú breyting verður á staðsetningu á ullargámum frá Ístex, í uppsveitum Árnessýslu, að hann verður einungis staðsettur á Flúðum. Nánar tiltekið á geymsluplani **Flúðaleiðar, Smiðjustíg 10**. Einnig er ullargámur staðsettur hjá Flytjanda á Selfossi, Gagnheiði 76 og er hægt að setja í hann líka.

Fyrsti gámurinn kemur **10. nóv. 2010** og verður gámur á svæðinu til **20. des 2010**.

Hægt að fá tóma ullarpoka hjá Flúðaleið.



Flúðaleið-flutningar ehf
Smiðjustíg 10
845 Flúðum. S. 486-1070
fludaleid@simnet.is

Að Kötlumóti loknu.

Þann 16. október s.l. var haldið að Flúðum kóramót sem ekki hefði átt að fara framhjá neinum, Kötlumótið svokallaða. KATLA er samtök sunnlenskra karlakóra sem í eru 16 karlakórar. Mót þessi eru haldin á 5 ára fresti. Karlakór Hreppamanna hélt það að þessu sinni. Aldrei fyrr hefur þátttaka verið jafngóð, aðeins einn kór sá sér ekki fært að mæta, en tveir gestakórar mættu hinsvegar í staðinn, Karlakór Akureyrar/Geysir og finnski kórinn Manifestum.

Umfang þessarar samkomu var gríðarmikið og hefði þetta dæmi aldrei gengið upp nema vegna þess að allir kórfélagar lögðust á eitt við undirbúninginn. Allir sem leitað var til voru einnig boðnir og búnir að rétta hjálparhönd, stjórn Límtrés að lána okkur Límtréhúsið sem breytt var í Límtréshöll og bar nafn með rentu. Hrunamannahreppur lánaði skólann, íþróttahúsið og leikskólann, félagsheimili í nærsveitum lánuðu borð og stóla, Flúðaleið flutti húsgögn endurgjaldslaust og svo mætti lengi telja. Viljum við hér með færa þeim og öllum þeim er greiddu götu okkar, en eru ekki með í upptalningu þessari, okkar bestu þakkir fyrir.

Mótið tókst í allastaði afar vel að okkur fannst og ekki annað að sjá en að söngmenn jafnt sem gestir hafi verið ánægðir. Yfir sexhundruð söngmenn voru á pöllum í samsöngnum og gestir vel á áttunda hundraðið.

Karлакór Hreppamanna vill hér einnig koma á framfæri þakklæti til allra kóranna er sóttu okkur heim þennan dag sem og allra þeirra gesta sem komu og hlýddu á kórana og skemmtu sér með okkur. Nánar má sjá um Kötlumótið á heimasíðu Karlakórs Hreppamanna, **kkhreppamanna.com**. Þar inni eru margar myndir og skemmtilegar þakkir í bundnu máli frá kórum sem sungu á mótinu.

Stjórn Karlakórs Hreppamanna.



Jólaball 28. desember.

Jólaball kvenfélaganna verður haldið í Brautarholti þriðjudaginn 28. desember n.k. Nánar auglýst síðar.



Kvenfélögin.

GÖTUNÖFN Í BRAUTARHOLTI.


Hreppsnefnd óskar eftir tillögum að nöfnum á göturnar í Brautarholti sem verða fjórar. Þær götur sem skíra þarf og merktar eru á meðfylgjandi teikningu eru: A-gata, B-gata, C-gata og Brautarholt.

Gaman væri ef einhvern langaði að glíma við þetta.

Engin verðlaun eru í boði fyrir þann sem ætti bestu nöfnin en ómældur heiður fengist og nafn hans yrði skráð á spjöld sögunnar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Frestur til að skila tillögnum er til 1. des 2010 því stefnt er að því að göturnar fái nöfn sem fyrst og skulu tillögurnar sendar til skrifstofunnar í Árnesi eða á netfangið skeidgnup@skeidgnup.is

Oddviti.



Merki Uppsveitasystra.

Auglýst er eftir tillögum að merki Uppsveitasystra.

Uppsveitasystur er kvennakór starfandi í uppsveitum Árnessýslu og víðar. Það merki sem verður fyrir valinu mun verða eign kórsins og áskilja Uppsveitasystur sér rétt til að nota það í eigin þágu.

Gott er að hafa eftirfarandi í huga:

- ⇒ Kórinn er kvennakór
- ⇒ Merkið innihaldi nafn kórsins og stofndag, Uppsveitasystur, stofnaður 24. apríl 2006
- ⇒ Einnig mætti skammstöfun kórsins USS koma fyrir (ekki skilyrði)
- ⇒ Hámark 3 litir séu í merkinu
- ⇒ Merkið henti vel í ljósritun, (svart/hvítt)

Merkinu má skila í rafrænu formi eða á pappír.

Sendið tillögur undir dulnefni í umslagi, þar sem meðfylgjandi er annað lokað umslag með nafni þátttakanda.

Skilafrestur til 15. janúar 2011 - Vinsamlegast sendið tillögur í pósti til:

Uppsveitasystur v/merki

Tungufell

845 Flúðir

Haustfundur Kvenfélags Gnúpverja!

Haustfundur verður haldinn þriðjudaginn 23. nóvember kl. 20:30 í Þjórsárskóla. Nemendur skólans verða með atriði á fundinum.

Mætum hressar og spjöllum um vetrarstarfið.

Nefndarskipan til eins árs í Kvenfélagi Gnúpverja.

Námskeiðsnefnd: Sigrún Bjarnadóttir form. og Sælaug Viggósdóttir.

Útivistarnefnd: Meika Erika Witt form. og Þuríður Jónsdóttir

Skemmtinefnd: Kristjana Gestsdóttir form.,

Helga Kolbeinsdóttir og Sigrún Guðlaugsdóttir.

Barnaskemmtun um jólin: nr. 3.

Bingónefnd: Margrét Steinþórsdóttir og

Helga Óskarsdóttir.

Stjórnin.



Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Alhliða byggingavöruverslun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bílavörur

- Smurolfur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Öryggi og þurrkublöð



Prjónavörur

- Lopi, margir litir
- Prjónar, ýmsar stærðir
- Peysur, margir litir
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóður

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagir
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útimálning
- Lökk
- Sparti
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlím
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúss
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Pansteypa og teinalím
- Undirlag




Hreinlætistæki deild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skrúfur og boltar
- Múrboltar
- Byggingarvinklar
- Pansteypa & teinalím
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélar
- Glös og bollar
- Handryksugur
- Hrærivélur



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smiðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 486 1866 • vondull@simnet.is

2000 - 2010

LANDSTÓLPI

10 ára

Í tilefni af 10 ára afmæli Landstólpa ehf. sem er nú í desember ætlum við að gera okkur dagamun og vera með afmældisdagskrá sem hefst nk. mánudag.

Má þar meðal annars nefna myndasýningu um sögu fyrirtækisins, ýmiss konar afmælistilboð og eru ýmsar fleiri uppákomur fyrirhugaðar og verða þær auglýstar nánar með netpósti og á heimasíðunni okkar

AFMÆLISHÁTÍÐIN endar svo með **AFMÆLISVEISLU** fimmtudagskvöldið 9. desember.

Nú til loka **NÓVEMBER** verðum við með **10% afslátt** af öllum hreinlætisvörum til heimilisins, ásamt öllum þvotta- og hreingerningarefnum í fjósið. Þar að auki verður afmælisverð á völdum vörum til heimilisins.

Afmælistilboð í nóvember



Speedball
öflugur úðahreinsir
kr. 1.126,-



OMO hágæða-
þvottaefni 10 kg
kr. 5.133,-



SUMA Base
upphvottaduft 1,5 kg
kr. 1.229,-

10 ára
LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Alltaf heitt á könnunni

landstolpi.is

Aðventukvöld sóknanna

Sunnudagskvöldið 28. nóvember kl. 20.00 í Árnesi.

Kórar kirknanna syngja og börn úr Þjósárskóla syngja, lesa upp og flytja helgileik. Sóknarprestur flytur ávarp og bæn.

Í lok samverunnar er boðið upp á kaffi og piparkökur.

Sr. Eiríkur Jóhannsson



Kirkjubjöllurnar til sölu!

Til sölu eru kirkjubjöllurnar fínu með myndum af Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju sem sóknar-börn fengu að gjöf í fyrra. Upplögð jólagjöf.

Bjallan kostar 1500 kr. Sölufólk er Helga Kolbeinsdóttir í Tröð 486-5650 og 893-9565

og Valgerður og Guðjón á Húsatóftum 486-5530 og 896-5736. Þess má geta að bjöllurnar verða seldar á kvenfélagsbasarnum í Brautarholti laugardaginn 27. nóv. kl.14:00.

Sóknir Ólafsvalla og Stóra-Núps kirkna.

